

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur.

4. hefti.

1996

Nr. 242/1995. Fimmtudaginn 26. september 1996.

Vigfús Björgvinsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Glitni hf.

(Pórður S. Gunnarsson hrl.)

Fjármögnunarleiga. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 487.352 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. nóvember 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn um, að Féfang hf., sem var varnaraðili í héraði, hafi verið sameinað Glitni hf. og þar með afmáð úr Hlutafélagaskrá. Hefur Glitnir hf. því tekið við aðild að málinu samkvæmt meginreglu 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem beitt verður fyrir Hæstarétti samkvæmt 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Samkvæmt 9. og 10. gr. samnings áfrýjanda og Féfangs hf. frá 12. apríl 1989 um fjármögnunarleigu á sendibifreið af gerðinni Chevrolet Van var bifreiðin eign Féfangs hf. allan umsamdan leigutíma, en áfrýjandi hafði afnotarétt af henni. Fallist verður á það með héraðsdómara, að skilyrði hafi verið til riftunar af hendi Féfangs hf. á

samningnum, svo og, að líta megi þannig á, að riftun hafi í reynd farið fram, þótt formlegri tilkynningu þess efnis hafi ekki verið beint til áfrýjanda.

Krafa áfrýjanda í málinu beinist að því, að hann fái greidda úr hendi stefnda fjárhæð, er svari þeim hagnaði, sem hann telur Féfang hf. hafa notið með sölu fyrrgreindrar bifreiðar eftir riftun samnings aðila, að teknu tilliti til þess, sem áfrýjanda hefði borið að greiða í leigu til loka leigutímans. Hvorki af samningnum né þeim réttarreglum, sem gilda um viðskipti sem þessi, verður leiddur réttur handa áfrýjanda sem leigutaka samkvæmt samningnum til að gera kröfu þessa efnis. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest þegar af þessari ástæðu.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vigfús Björgvinsson, greiði stefnda, Glitni hf., 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Vigfúsi Björgvinssyni, kt. 190348-2109, Stuðlabergi 2, Hafnarfirði, gegn Féfangi hf., kt. 691286-1429, Hafnarstræti 7, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 18. júní 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 487.352 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði með öllu sýknaður af dómkröfum stefnanda. Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Mál þetta var áður dæmt í héraði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1994. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 2. mars 1995, var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að með fjármögnunarleigusamningi, dags. 12. apríl 1989, tók stefnandi á leigu hjá stefnda Chevrolet Van-sendibifreið, KU-241.

Umsaminn frumleigutími var frá 1. maí 1989 til 30. apríl 1992. Mánaðarlegt leigugjald var upphaflega 54.483 kr. miðað við áætlað kaupverð 1.550.000 kr. Samkvæmt sérstakri yfirlýsingu aðila, dags. 12. apríl 1989, var gert ráð fyrir því, að kaupverð og leigugjöld gætu breyst. Endanlegt kaupverð reyndist vera 1.706.767 kr., og varð mánaðarlegt leigugjald því 59.993 kr. Leigufjárhæð var verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu. Til tryggingar efndum fékk stefndi veð í fasteigninni Stuðlabergi 2, Hafnarfirði, en síðar sjálfskuldarábyrgð í staðinn.

Hinn 7. júní 1991 gerði stefnandi um það samkomulag við Jóhannes Pormar, Suðurlandsbraut 16, Hafnarfirði, að hann tæki að sér greiðslur leigugjalda gagnvart stefnda, og tók hann við bifreiðinni. Ekki var leitað samþykkis stefnda til þeirrar ráðstöfunar, og skilaði viðsemjandi stefnanda bifreiðinni til stefnda í lok júní eða byrjun júlí 1991. Leigugjöld voru ekki greidd af bifreiðinni vegna gjalddaga 1. júlí 1991 eða síðar. Bifreiðin var í vörslum stefnda, uns hún var seld 25. nóvember 1991. Kaupandi var Bíla-leigan Geysir, Reykjavík. Umsamið kaupverð var 2.900.000 kr., og var það greitt að fullu við undirritun afsals með þremur bifreiðum. Endursöluverð þeirra bifreiða hefur verið fært til lækkunar á skuld stefnanda gagnvart stefnda samkvæmt framangreindum fjármögnunarleigusamningi aðila. Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að stefndi hafi rift leigusamningi aðila með ólögmatum hætti, og telur stefnandi, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart sér, sem nemi stefnufjárhæð vegna sölu bifreiðarinnar KU-241. Þeirri kröfu er mótmælt af hálfu stefnda.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi skírskotar til þess, að fjármögnunarleigusamningi aðila nr. 931 hafi aldrei verið sagt upp eða rift. Með sölu bifreiðarinnar 25. nóvember 1991 hafi stefndi rift ólöglega og einhliða fjármögnunarleigusamningnum. Stefndi hafi selt bifreiðina fyrir 2.900.000 kr., en heildarskuld stefnanda miðað við fulla vexti, verðtryggingu og dráttarvexti á þeim hluta, sem hafi verið í vanskilum, hafi verið 2.412.647,65 kr., og sé stefndi bótaskyldur fyrir mismuninum, 487.352 kr., sem er stefnufjárhæð. Útreikningur á skuld stefnanda miðast við uppgjörsgreglu 2. mgr. 20. gr. í samningi aðila.

Þá vísar stefnandi til þess, að fjármögnunarleigusamningurinn feli í sér einhliða skilmála, þar sem annar samningsaðili, stefndi, noti skilmála, sem hann hafi sjálfur samið eða látið semja, án þess að við samninguna hafi verið haft samráð við stefnanda að einu eða neinu leyti. Við undirskrift samnings hafi stefndi haft sterkari aðstöðu fjárhagslega og viðskiptalega og misnotað aðstöðu sína í því skyni að ná óeðlilega hagstæðum kjörum fyrir sig

gagnvart stefnanda. Sú regla sé almennt viðurkennd í samningarétti, að óljós ákvæði í einhliða skilmálum skuli að jafnaði skýrð þeim aðila í óhag, sem samið hafi skilmálana, en jafnframt, að ákvæði, sem séu áberandi íþyngjandi fyrir þann aðila, sem ekki hafi samið skilmálana, skuli yfirleitt túlkast þröngt. Greindur fjármögnunarleigusamningur hafi að geyma einhliða skilmála á bakhlið í 25 greinum, þar sem öll ákvæði miði að því að draga úr ábyrgð stefnda, en tryggja hagsmuni hans skilyrðislaust.

Stefnandi heldur því fram engu að síður, að ákvæði 20. gr. samningsins um uppgjör beri að leggja til grundvallar í málinu, þ. e., 25. nóvember 1991 hafi legið fyrir yfirlit um greiðslur stefnanda og hvað stefndi þyrfti að fá, til að hann fengi alla leigu greidda, gjaldfallna sem ógjaldfallna. Með hinni ólögsmætu og einhliða riftun stefnda 25. nóvember 1991 beri stefndi ábyrgð a. m. k. á þeim mismun, sem bifreiðin hafi selst á, og skuld stefnanda, eins og krafið sé um. Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi á ákvæði 29. gr. I. nr. 56/1978 og almenn ákvæði í 36. gr. laga nr. 7/1936, sem sett séu til varnar ósanngjörnum ákvæðum í einhliða ábyrgðaryfirlýsingum.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 7/1936, meginreglna samningsréttar og meginreglna bótaréttar vegna riftunar einhliða íþyngjandi samninga sem þessa. Um dráttarvesti er vísað til I. nr. 25/1987, en um málskostnað vísað til laga nr. 85/1936.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi bendir á, að ljóst sé, að þegar sala bifreiðarinnar KU-241 fór fram, hafi stefnandi verið í verulegum vanskilum með greiðslu leigugjalda. Vanskilin ein út af fyrir sig hafi verið fullnægjandi ástæða til riftunar leigusamnings aðila, hvort sem litið sé til ákvæða leigusamningsins, sbr. 6. tl. 2. mgr. 19. gr., eða almennra reglna og sjónarmiða á sviði kröfuréttar. Þar við bætist, að stefnandi hafi afhent þriðja manni leigumun til afnota, en framsal afnotaréttarins án samþykkis eiganda hafi brotið í bága við skyldur stefnanda samkvæmt leigusamningnum, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Fyrir liggi, að bifreiðin KU-241 hafi verið skilin eftir í vörslum stefnda í lok júní eða byrjun júlí 1991 og að stefnandi hafi enga tilraun gert til að fá bifreiðina afhenta eftir það. Aðferðin við afhendinguna hafi í sjálfu sér verið brot á skyldum stefnanda og háttsemi hans ekki skilin á annan veg en þann, að með henni væri samningnum sagt upp einhliða af hans hálfu. Hafi stefnda verið rétt að koma bifreiðinni í verð með sölu eða endurleigu.

Með hliðsjón af framangreindu sé ljóst, að leigusamningur stefnanda og stefnda nr. 931 hafi verið fallinn niður 25. nóvember 1991 og að sala bif-

reiðarinnar hafi af þeirri ástæðu ekki falið í sér samningsbrot gagnvart stefnanda. Ekki skipti máli um réttarstöðu stefnanda, hvort honum hafi verið send sérstök skrifleg tilkynning um riftun leigusamningsins, þar sem hann hafði með athöfnum sínum og athafnaleysi sjálfur slitið samningnum og var eða mátti vera ljóst, að samningurinn, þ. m. t. afnotarétturinn, var niður fallinn. Jafnvel þótt talið yrði, að riftun eða slit leigusamningsins hefði ekki farið fram með réttum hætti og að stefndi bæri ábyrgð á þeirri yfirsjón, væri atlað fjártjón stefnanda með öllu ósannað og sönnunarbyrði fyrir fjárhæð þess hvíldi á stefnanda. Kröfugerð stefnanda virðist stafa af þeirri röngu ályktun, að eignarrétt að bifreiðinni KU-241 hafi á einhverju tímamarki átt að færa yfir á hendur stefnanda. Hinn beini eignarréttur að leigumun hvíli hjá stefnda samkvæmt 1. mgr. 11. gr. leigusamningsins. Leigutaki eigi eingöngu afnotarétt, meðan á leigutíma standi, sbr. 2. mgr. 11. gr. Sala leigumunar eða ráðstöfun hans með öðrum hætti sé því einungis mál stefnda, eftir að afnotaréttur stefnanda hafi verið niður fallinn, eins og að framan sé rakið. Á það megi hins vegar fallast, að leigusali eigi ekki að auðgast á kostnað leigutaka í þeim skilningi, að hann eigi að fá meira í sinn hlut en höfuðstól láns, vexti, verðbætur og kostnað, sem leigusamningi og vanskilum leigutaka kunni að fylgja.

Uppgjör stefnda gagnvart stefnanda miðist annars vegar við skuld stefnanda, reiknaða samkvæmt 20. gr. leigusamningsins, og hins vegar þær greiðslur, sem stefnandi hafi sjálfur innt af hendi, og þær peningagreiðslur, sem stefnda hafi borist og muni berast vegna sölu bifreiðarinnar KU-241 og þeirra bifreiða, sem teknar hafi verið upp í söluverðið. Ljóst sé, að skuld stefnanda sé hærri en nemi inngreiðslum samkvæmt framangreindu.

Engin rök séu fyrir þeirri ályktun stefnanda, að hann eigi rétt á greiðslu mismunar á nafnverði samkvæmt afsalinu frá 25. nóvember 1991 og skuld stefnanda, enda myndi sú niðurstaða leiða til auðgunar af hans hálfu á kostnað stefnda. Hið rétta sé að miða við raunvirði bifreiðarinnar í hendi stefnda.

Sjónarmið af hálfu stefnanda þess efnis, að almennir samningsskilmálar stefnda vegna fjármögnunarleigu séu ósanngjarnir og einhliða gagnvart leigutökum, stangist á við eðli fjármögnunarleigusamninga, sbr. l. nr. 19/1989 um eignaleigu, og skoðanir fræðimanna í þessum efnum. Eitt megin-einkenni fjármögnunarleigu, t. d. gagnvart almennum leigusamningum, sé einmitt „einhliða“ samningsskilmálar, sem miði að því að leggja ábyrgð af leigumun á leigutaka, enda sé fjármögnunarleiga (finance leasing) í kjarna sínum peningalán, þar sem lánveitandi/leigusali áskilji sér beinan eignarrétt að leigumun í tryggingarskyni. Því sé ekki í sjálfu sér mótmælt, að væri 20.

gr. almennu samningsskilmálanna framkvæmd samkvæmt orðanna hljóðan á þann veg, að lánið væri allt endurheimt og söluverð leigumunar rynni að auki til leigusala, gæti það í vissum tilvikum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Þær vangaveltur hafi þó ekki þýðingu í þessu máli, þar sem fyrir liggi, að söluverð leigumunar, eftir því sem það greiðist í peningum, gangi til lækkunar á skuld stefnanda.

Kröfugerð stefnda sé reist á ákvæðum tilvitnaðs fjármögnunarleigusamnings, sbr. einkum 19. gr., er kveði á um skilyrði riftunar, m. a. vegna vanefnda leigutaka, og sjónarmiðum á sviði kröfuréttar um skilyrði riftunar. Þá sé kröfugerðin studd fyrirbyggjandi loforði stefnda, sem reist sé bæði á skriflegri yfirlýsingu frá 4. desember 1991 og framkvæmd þess efnis, að söluverð leigumunar verði fært til lækkunar á skuld stefnanda, eftir því sem söluverðið skili sér í peningum. Sýknukrafa stefnda sé einnig grundvölluð á reglum og sjónarmiðum um skaðabætur innan samninga, þ. á m. sjónarmiðum um sönnunarbyrði fyrir bótaskyldu og tjónsfjárhæð.

IV.

Niðurstaða.

Stefnandi vísar til þess, að 25. nóvember 1991, þegar bifreiðin KU-241 var seld, hafi skuld hans við stefnda, miðað við uppgjör samkvæmt 2. mgr. 20. gr. fjármögnunarleigusamnings aðila, numið 2.412.647,65 krónum. Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum að þessu leyti, eins og fram kemur í bókun í þinghaldi 7. júní 1993.

Fyrir liggur, að 7. júní 1991 samdi stefnandi við þriðja aðila, Jóhannes Þormar, Suðurlandsbraut 16, Hafnarfirði, um það, að hann tæki við afnotarétti bifreiðarinnar KU-241 og leigugreiðslum til stefnda samkvæmt greindum fjármögnunarleigusamningi. Tók sá aðili þá þegar við bifreiðinni. Ekki var leitað samþykkis stefnda til þeirrar ráðstöfunar, svo sem tilskilið er samkvæmt 2. mgr. 11. gr. samningsskilmála. Nefndur Jóhannes skilaði bifreiðinni til stefnda, sem hafði umráð hennar, uns hún var seld 25. nóvember 1991.

Ætla verður samkvæmt gögnum máls, að stefnanda hafi verið um það kunnugt, að stefndi hafði tekið aftur við bifreiðinni, og hann vitað, að bifreiðin fór til sölumeðferðar á bifreiðasölu. Þá lá og fyrir, að leigugreiðslur voru í vanskilum. Ekki voru gerðar neinar ráðstafanir af hálfu stefnanda til þess að koma leigusamningnum í skil, og ekki hafði hann uppi nein andmæli gegn sölu bifreiðarinnar, áður en til hennar kom. Svo sem atvikum var háttað, var stefnda heimilt að rifta samningi aðila samkvæmt 1. mgr., sbr. 6. tl. 19. gr. samningsskilmála, vegna vanefnda stefnanda, og skyldi uppgjör þá fara fram í samræmi við ákvæði 20. gr. samningsins. Fyrir liggur, að sölu-

andvirði bifreiðarinnar KU-241 hefur verið fært til lækkunar á skuld stefnanda við stefnda í uppgjöri þeirra í samræmi við þær peningagreiðslur, sem úr þeirri sölu hafa komið. Þær innborganir hafa þó ekki dugað til greiðslu skuldarinnar að fullu í samræmi við uppgjörsreglur 20. gr. samningsins, sem aðilar eru sammála um, að leggja skuli til grundvallar. Ekki verður á það fallist, að stefnandi eigi rétt á greiðslu mismunar á nafnverði söluverðs bifreiðarinnar KU-241 samkvæmt afsali, dags. 25. nóvember 1991, eins og þeirri sölu var háttað. Þegar litið er til þess, að söluandvirði leigumunar samkvæmt framansögðu kemur til frádráttar skuld stefnanda í uppgjöri aðila, verður ekki talið, að stefnandi geti miðað við 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, að því er samningsskilmála varðar.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Egbert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Féfang hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vigfúsar Björgvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
